

Höfuðstóll sjóðsins er kr. 1280.00, sem Eyjólfur og Vilhelmina höfðu lagt til 87 hliðar í þessu skyni. Við þetta bætist framlag Ólafs Eyjólfssonar og Guðlaugar 27. maí Jónsdóttur, að upphæð kr. 600.00, samtals kr. 1880.00.

Fé þetta skal ávaxtað í Söfnunarsjóði Íslands og skal vöxtum sjóðsins varið samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Þegar vextir sjóðsins nema fullum kr. 100.00 skal $\frac{3}{4}$ hlutum þeirra verja til styrktar eða glaðnings fátækum sængurkonum í Kjalarneshreppi eða Kjósarhreppi samkvæmt tillögu viðkomandi ljósmæðra. $\frac{1}{4}$ hluta vaxtanna svo og allar gjafir eða annað, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarpresturinn í Reynivallaprestakalli, oddviti Kjalarneshrepps og oddviti Kjósarhrepps. Ákveða þeir styrkveitingar úr sjóðnum og semja árlega reikninga fyrir hann.

Heimilt er að láta styrkveitingu falla niður eitt ár eða lengur, og skal þá geyma það fé, sem þannig sparast, til úthlutunar síðar, eftir ákvörðun sjóðstjórnar samkvæmt 2. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega endurskoðaðir með hreppsreikningum Kjalarneshrepps, og getur stjórn sjóðsins birt þá í Lögbirtingablaðinu eftir því, sem ástæða þykir til.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn, færa í hana skipulagsskrá þessa, styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar hag hans og rekstur.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta Íslands.

Gjört að Saurbæ á Kjalarnesi, 2. janúar 1946.

Ólafur Eyjólfsson. Guðlaug Jónsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn bæjarmálefna í Akureyrarkaupstað.

88

31. maí

Um stjórn bæjarmálefna.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 11 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir taka ákvarðanir á bæjarstjórnarfundum um þau málefni bæjarins, er til bæjarstjórnar koma.

Bæjarstjóra er rétt og skylt að sitja fund bæjarstjórnar. Hefur hann þar mál-frelsi og tillögurétt, en ekki á hann þar atkvæði, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

2. gr.

Störf bæjarstjórnar eru þessi:

1. Hún fer með fjármál bæjarins. Hún kveður því á um lántökur handa bænum og gerir samninga um þau efni, gerir áætlanir um tekjur hans og gjöld hvert almanaksár, og úrskurðar reikninga hans.

88
31. maí

- Eigi má greiða fé úr bæjarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun bæjarins eða annarri ákvörðun bæjarstjórnar.
2. Setur reglur um stjórn bæjarmála, þar á meðal um meðferð á eignum bæjarins samkvæmt gildandi réttarreglum.
 3. Kýs nefndir, bæjarráð, bæjarstjóra og endurskoðendur reikninga bæjarins, ákveður laun þeirra og annarra fastra starfsmanna bæjarins.
 4. Fer með önnur þau mál, er til hennar koma að tilhlutun stjórnarvalda, nefnda eða bæjarráðs, og kemur fram fyrir bæjarins hönd um samninga og fyrirvar bæjarins að öðru leyti, nema öðrum sé það falið.
 5. Bæjarstjórn getur tekið til meðferðar hvert það málefni, sem bæinn varðar og réttilega er undir hann borið.
- Bæjarfulltrúum er heimilt að sjá bækur og skjöl bæjarins.

3. gr.

- I. Þessar fastanefndir skal bæjarstjórn kjósa með hlutfallskosningu, að því leyti sem þess er kostur, til eins árs í senn á fyrsta fundi sínum í febrúar:
 - Brunamálanefnd.
 - Bygginganefnd.
 - Hafnarnefnd.
 - Frámfærslunefnd.
 - Rafveitustjórn.
 - II. Enn fremur kýs bæjarstjórn:
 - Stjórn Sjúkrahúss Akureyrar.
 - Stjórnarnefnd Caroline Rest.
 - Barnaverndarnefnd.
 - Stjórn sjúkrasamlagsins, 4 menn og 4 til vara til 4 ára.
 - Bókasafnsnefnd, 3 menn til 4 ára.
 - Í stjórn Sparisjóðs Akureyrar 2 menn og 2 til vara.
 - Í stjórn Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar, 2 menn og 2 til vara.
 - Í íþróttahúsnefnd, 4 menn til 4 ára.
 - Í fræðsluráð, 4 menn til 4 ára.
 - Í húsmæðraskólanefnd, 2 menn til 4 ára.
 - Í skólanefnd gagnfræðaskólans, 4 menn til 4 ára.
 - Í sóttvarnarnefnd 1 mann.
 - Í heilbrigðisnefnd 1 mann.
 - Í verðlagsskrárnefnd 1 mann, til að semja verðlagsskrá.
- Kjörstjórnir samkvæmt fyrirmælum kosningalaga.
- Alla þá menn, sem kjósa skal samkvæmt þessari grein, má endurkjósa.

4. gr.

Bæjarstjórn getur skipað fulltrúa í sérstakar nefndir (lausanefndir) til þess að ihuga og undirbúa einstök mál. Svo getur bæjarstjórn falið bæjarstjóra og bæjarráði eða einstökum bæjarfulltrúum athugun og undirbúning einstakra málefna.

Rétt er bæjarstjórn að taka til umræðu og ályktunar málefni, þótt nefnd, bæjarstjóri eða bæjarráð hafi það til meðferðar, eftir þeim reglum, sem í fundarsköpum bæjarstjórnar segir.

5. gr.

Ef bæjarfulltrúi, kosinn í nefnd, forfallast eða getur ekki gegnt störfum sakir fjarvistar eða hans missir alveg við, þá tekur sæti hans varamaður samkvæmt þar um settum reglum.

6. gr.

88

Bæjarstjóra er rétt og skylt að sækja fundi fastanefnda þeirra, er hann á sæti i. Hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi, enda láti lög ekki öðruvísi um mælt.

31. maí

Rétt er að kjósa bæjarstjóra formann nefnda þeirra, sem í þessari grein segir.

7. gr.

Brunamálanefnd skipa 4 menn ásamt slökkviliðsstjóra eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri. Tvo nefndarmanna má kjósa utan bæjarstjórnar. Nefndin skal hafa eftirlit með brunamálum bæjarins og slökkviliði og gæta þess að þar um settum reglum sé fylgt.

8. gr.

Bygginganefnd skipa bæjarstjóri, sem er formaður hennar gildandi lögum samkvæmt, og 4 menn aðrir. Skulu 2 þeirra vera bæjarfulltrúar, en 2 utan bæjarstjórnar. Byggingafulltrúa er skylt að sitja fundi bygginganefndar.

Bygginganefnd annast byggingamálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum laga og samþykkt um þau mál.

9. gr.

Hafnarnefnd skipa bæjarstjóri, sem er formaður hennar lögum samkvæmt, tveir bæjarfulltrúar og tveir menn utan bæjarstjórnar.

Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmd hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni samkvæmt fyrirmælum þeim, sem um þau mál gilda.

10. gr.

Framfærslunefnd skipa 5 menn, er bæjarstjórn kýs; jafnmargir skulu kosnir til vara. Hún hefur á hendi stjórn framfærslumála samkvæmt gildandi lögum þar um.

Formanni barnaverndarnefndar er heimilt að sitja fundi framfærslunefndar og hera fram tillögur, er sérstaklega varða börn, samkvæmt lögum um barnavernd.

11. gr.

Rafveitustjórn er skipuð 5 mönnum. Hún hefur á hendi stjórn Laxárvirkjunarinnar og Rafveitu Akureyrar samkvæmt gildandi reglugerð þar um.

12. gr.

Stjórn Sjúkrasjóðs Akureyrar skipa 3 menn, kosnir af bæjarstjórn til 4 ára. Bæjarstjórn kýs einnig varamenn til sama tíma.

Sjúkrahússtjórnin hefur á hendi stjórn sjúkrahússins og sér um rekstur þess eftir þar um settum reglum.

13. gr.

Stjórnarnefnd Caroline-Rest er skipuð 3 mönnum, er bæjarstjórnin kýs, og hefur nefndin umsjón og eftirlit með stofnuninni samkvæmt gjafabréfi George H. F. Schraders, dags. 23. marz 1915. Bæjarstjórn Akureyrar er yfirstjórn Caroline-Rest.

14. gr.

Barnaverndarnefnd er skipuð 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs. Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami sem bæjarstjórnar. Bæjarstjórn kýs einnig 2 varamenn. Nefndin hefur á hendi eftirlit með uppeldi barna innan 16 ára aldurs og vanþroska eða veikra unglunga, sbr. lög um barnavernd.

15. gr.

Íþróttahúsnefnd er skipuð 5 mönnum. Bæjarstjórn kýs 4 nefndarmanna, en íþróttaráð Akureyrar hinn fimmta. Kjörtími nefndarinnar er hinn sami sem bæjarstjórnar. Varamenn séu kosnir jafnmargir af sömu aðilum.

88 Íþróttahúsnefnd hefur á hendi stjórn og umsjón með íþróttahúsi bæjarins eftir 31. maí þar um settum reglum.

16. gr.

Fræðsluráð er skipað 5 mönnum, sem kosnir eru til 4 ára. Bæjarstjórn kys 4 þeirra. Meðan kaupstaðurinn er aðeins eitt skólahverfi, skipar fræðslumálastjórnin formann ráðsins, en ef bærinn skiptist í 2 eða fleiri skólahverfi, verður bæjarstjóri sjálfkjörinn formaður ráðsins. Varamenn skulu kosnir á sama hátt til jafnlangs tíma.

Fræðsluráð hefur umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum bæjarins og sérstaklega með kennslu í barnaskólum og öllu, sem þá varðar.

17. gr.

Húsmæðraskólanefnd skipa 5 menn, sem kosnir eru til 4 ára. Bæjarstjórn kys 2 menn í nefndina, Húsmæðraskólafélag Akureyrar 2, en kennslumálaráðherra skipar formann hennar.

Nefndin hefur á hendi stjórn húsmæðraskólans samkvæmt lögum þar um.

18. gr.

Sóttvarnarnefnd er skipuð bæjarfógeta, sem er formaður hennar, héraðslækni og einum bæjarfulltrúa. Hún annast um sóttvarnir samkvæmt ákvæðum þar að lútandi laga og reglugerða.

19. gr.

Heilbrigðisnefnd er skipuð bæjarfógeta, sem er formaður hennar, héraðslækni og einum bæjarfulltrúa.

Hún skal sjá um, að heilbrigðissamþykkt bæjarins sé fylgt.

20. gr.

Bæjarráð skipa 4 bæjarfulltrúar, kosnir til eins árs í senn með hlutfallskosningu. Bæjarstjórn kys 4 varamenn úr sínum hóp með sama hætti sem aðalmenn. Ef bæjarráðsmaður forfallast, eða hans missir við, tekur sæti hans varamaður á sama lista sem aðalmaður. Sé bæði aðalmaður og varamaður forfallaðir, geta flokkarnir látið varafulltrúa sína mæta í stað þeirra. Bæjarstjórn getur með einfaldri samþykkt ákveðið að bæjarráð skuli skipað 5 fulltrúum og 5 til vara.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði. Má kjósa hann formann þess, enda hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt því aðeins að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi og kosinn í bæjarráð. Bæjarráð kys sér formann og skrifara. Sá er réttkjörinn, sem fær meiri hluta atkvæða. Ef tveir fá jöfn atkvæði, ræður hlutkesti.

Bæjarráð skal halda fundi að minnsta kosti einu sinni í viku, og jafnan þar að auki, ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs, ef hann er annar en bæjarstjóri, eða að minnsta kosti 2 bæjarráðsmenn óska þess. Fundur er lögmætur ef meir en helmingur bæjarráðs sækir hann.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum bæjarráðs.

Bæjarráðsmenn fá þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

21. gr.

Bæjarráð hefur á hendi eftirlit með fjármálum bæjarsjóðs, undirbýr fjárhagsáætlun og ákveður bókhaldsfyrirkomulag. Það hefur á hendi ásamt bæjarstjóra umsjón með skipulagsmálum, vegagerðarframkvæmdum, endurbótum og hirðingu á vegum, holræsum, rennum og götulýsingu. Það hefur og ásamt bæjarstjóra umsjón með vatnsveitu og vatnsbólum bæjarins, svo og fasteignum bæjarins, og öðr-

um þeim eignum hans, sem ekki eru í umsjón annarra nefnda samkvæmt samþykkt þessari eða sérstökum samþykktum bæjarstjórnar.

88

31. maí

22. gr.

Starfsmenn bæjarins eru þessir:

Bæjarstjóri, fulltrúi bæjarstjóra, bæjargjaldkeri, bæjarverkfræðingur, bygginga-fulltrúi, heilbrigðisfulltrúi, framfærslufulltrúi, slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, rafveitustjóri, hafnarvörður og aðrir fastráðnir menn, sem föst mánaðarlaun taka úr bæjarsjóði eða frá stofnunum bæjarins. Um launakjör starfsmanna bæjarins og eftirlaun fer eftir reglum, sem bæjarstjórnin setur.

23. gr.

Bæjarstjóri annast framkvæmdir á ákvörðunum bæjarstjórnar og nefnda, sem ráða málum til úrslita, nema þær séu öðrum faldar. Hann veitir forstöðu fjármálum bæjarins, ávisar útgjöldum bæjarsjóðs, hefur á hendi umsjón með stjórn á innheimtu bæjartekna og umsjón sérstakra sjóða í vörzlum bæjarins, hann sér um að gerðir séu reikningar hans og skýrslur um eignir og skuldir, hefur umsjá með stjórn bæjargjaldkera á bæjarsjóði og innheimtu tekna bæjarins og stofnana hans. Hann annast bréfagerðir bæjarstjórnar og nefnda og hefur eftirlit með starfsmönnum bæjarins og störfum þeirra. Í forföllum bæjarstjóra gegnir fulltrúi hans störfum hans, nema þau séu sérstaklega öðrum falin. Bæjarstjóri skal sjá um að árlega sé samin tæmandi skrá yfir lausar eignir bæjarins, svo sem verkfæri, vélar, áhöld, efni og annað þess háttar, er beri með sér hvað keypt hefur verið á árinu, hvað notað og hvað hefur farið forgörðum.

24. gr.

Fulltrúi bæjarstjóra er skrifstofustjóri á bæjarskrifstofunum og annast daglega afgreiðslu fyrir hönd bæjarstjóra, eftir því, sem það verður honum falið, svo sem umsjón með innheimtu bæjartekna og með sjóðum þeim, sem eru í vörzlum bæjarins. Ef hann er lögfræðingur, skal hann flytja mál bæjarins fyrir undirrétti, nema öðruvísi sé ákveðið.

25. gr.

Ársreikningar bæjarsjóðs og hafnarsjóðs skulu samdir fyrir maílok. Skulu endurskoðendur bæjarins síðan innan 4 vikna hafa lokið endurskoðun sinni á reikningunum. Bæjarráð gerir svo með ráði endurskoðenda tillögur um reikningana fyrir lok ágústmánaðar og skulu þeir síðan lagðir til úrskurðar fyrir bæjarstjórn. Reikninginn skal síðan prenta.

26. gr.

Um skipun niðurjöfnunarnefndar, álagning bæjargjalda, gjalddaga og ábyrgð á greiðslu þeirra fer að lögum. Ef bæjargjöld eru ekki greidd á gjalddaga, ber að innheimta þau svo fljótt sem kostur er, og með lögtaki, ef á þarf að halda.

27. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Akureyrarkaupstað 11. febrúar 1920.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1946.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.